



**Hljóðbókasafn Íslands**

Fyrir blinda, sjónskerta og  
prentleturshamlaða



# Starfsskýrsla Hljóðbókasafns Íslands 2025

Hljóðbókasafn Íslands veitir öllum sem búa við  
sjónskerðingu eða lestrarörðugleika  
tækifæri til að njóta bóka og stunda nám



## EFNISYFIRLIT

<b>Ár mikilla breytinga</b> .....	<b>3</b>
<b>Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið</b> .....	<b>6</b>
<b>Skipurit</b> .....	<b>7</b>
<b>Innra starf</b> .....	<b>8</b>
Helstu verkefni útlána- og upplýsingadeildar .....	9
Helstu verkefni framleiðslu- og tæknideildar .....	10
Umbætur á kerfum .....	11
Tæknilegir samstarfsaðilar .....	12
<b>Stefnumótun og áherslur</b> .....	<b>13</b>
<b>Fjármál</b> .....	<b>14</b>
<b>Fyrirhuguð sameining safna</b> .....	<b>15</b>
<b>Gervigreind og máltækni</b> .....	<b>16</b>
Þróun talgervla og hraðari framleiðsla .....	16
MathCAT og aðgengi að raungreinum .....	16
<b>Samstarf</b> .....	<b>17</b>
Þjónustan við okkar fólk .....	17
Skólar og hljóðbækur .....	17
Rithöfundasambandið og Myndstef .....	18
Samráðshópur .....	18
Millisafnalán og bókaveitan ABC .....	19
Norrænt samstarf .....	19
<b>Safnkostur</b> .....	<b>21</b>
<b>Kynningarstarf</b> .....	<b>21</b>
<b>Góður starfsandi endurspeglar góða þjónustu</b> .....	<b>22</b>
Fimmta græna skrefið í hús .....	22
<b>Lykiltölur</b> .....	<b>23</b>
<b>Grunnupplýsingar</b> .....	<b>25</b>
Lesarar 2025 .....	26
Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar 2025 .....	27

Hljóðbókasafn Íslands 2025

Ábyrgðarmaður: Marín Guðrún Hrafnadóttir

Umbrot: Blek | blekhonnun.is

Prentun: Háskólaprent

Myndir: Sigurður Bogi Sævarsson og starfsmenn safnsins.

Starfsskýrslan er aðgengileg fyrir þá sem eiga erfitt með prentað letur á [www.hbs.is](http://www.hbs.is) og í appinu HBS.

## FRÁ FORSTÖÐUMANNI

Marín Guðrúnu Hrafnisdóttur



## Ár mikilla breytinga

Árið 2025 einkenndist af sameiningaráformum, en í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar var lögð áhersla á fækkun stofnana og sérstaklega að minni stofnanir sameinuðust.

Frumathugun í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu á fýsileika þess að sameina þrjú eðlisólík söfn; Hljóðbókasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn; var metin jákvæð og lá sú niðurstaða fyrir í ágúst.

Í kjölfarið hófst vinna útfærsluhóps og tíu sérhæfðra vinnuhópa starfsfólks safnanna þriggja sem fjölluðu meðal annars um tæknimál, húsnæði, fjármál og þjónustu. Í útfærsluhópnum sátu forstöðumenn safnanna ásamt tveimur verkefnastjórum úr ráðuneytinu.

Samráðshópur Hljóðbókasafnsins tók þátt í vinnuhópi sem bar heitið Trygging og efling á þjónustustigi Hljóðbókasafns Íslands, enda afar brýnt að hagsmunaaðilar og notendur þjónustunnar kæmu að borðinu. Verkefni hópsins var að teikna upp leiðir og mælikvarða sem tryggðu að sú lögbundna þjónusta sem Hljóðbókasafn Íslands veitir skerðist ekki við mögulega sameiningu. Einnig var hópnum falið að skoða hvernig mætti efla þjónustuna, greina helstu þarfir lánþega og hvernig auka mætti tækni og sjálfvirknivæðingu í þjónustunni. Hópurinn hélt sjö fundi á tímabilinu október til desember 2025. Töluverð gagnrýni

kom fram meðal hagsmunaaðila á hversu seint samtök sem gæta hagsmuna lánþega komu að málum og einnig að þau ættu ekki fulltrúa í hinum vinnuhópunum.

## Áhersla á sjálfstæði og lög um aðgengi

Aðaláherslan var á sjálfstæði þjónustunnar ef til sameiningar kæmi, að þjónustan yrði tryggð með eyrnamerktri fjárveitingu og sterku umboði í takt við löggjöf um réttindi fatlaðs fólks. Lögð var áhersla á að til þess að tryggja áfram þjónustu við lánþegahópinn þyrfti að hafa mannréttindi að leiðarljósi og skilning á nauðsyn þess að tryggja jafnt aðgengi að lesefni.

Árið 2025 einkenndist af töluverðri ólgu vegna sameiningarhugmynda. Einnig var undirbúningur að nýju húsnæði safnsins við Hamrahlíð nokkuð langt á veg kominn og meðal annars búið að skila inn teikningum til ráðuneytisins.

Logi Einarsson menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra ákvað því að gefa út viljayfirlýsingu þar sem segir: „Lögð verður áhersla á að þjónusta við notendur skerðist ekki við sameininguna heldur verði aukin, meðal annars með tilkomu fjölbreyttari safnkosts, styrkingu faglegs starfs og nálægð við háskólasamfélagið. ... Möguleiki á viðveru starfsfólks Hljóðbókasafnsins í húsnæði Blindrafélagsins við Hamrahlíð verður einnig kannaður í samstarfi við samráðshóp Hljóðbókasafnsins.“

## Óvissa er aldrei góð

Þegar staðið er frammi fyrir svo miklum breytingum og óvissu er nauðsynlegt að huga að mörgum þáttum, en í grunninn snýst málið um þjónustuna og starfsfólkið. Mannauðsmál eru ávallt viðkvæm í miklum breytingum og því var mikilvægt að fá fullvissu fyrir því að allir sem vildu héldu störfum sínum, kæmi til sameiningar. Þjónustan við lánþega er þó alltaf leiðarljósið og lykilatriði að tryggja áframhaldandi gott samstarf við alla hagsmunaaðila og þau félagasamtök sem safnið starfar með.

## Kjarninn í vinnunni

Pótt sameiningaráformin hafi verið fyrirferðarmikil gekk kjarnastarfsemin að mestu vel. Fjöldi bókatitla sem gerðir voru aðgengilegir á árinu var 343 og fækkaði um tvo frá fyrra ári. Heildarfjöldi nýrra bóka á safnið var þó hærri en árið 2024 og munar þar um fleiri millisafnalán. Alls bættust 422 bókatitlar við safnið á árinu. Ávallt má gera betur og er það von allra sem starfa á safninu að fjölga megi bókatitlum í framtíðinni og gera íslensk tímarit og annað efni aðgengilegt.

## Hljóðbækur í 70 ár

Líkt og margar aðrar menningarstofnanir stendur safnið á herðum frumkvöðla sem sáu þörfina og létu verkin tala. Innlestur hljóðbóka á Íslandi hófst árið 1955 á vegum Blindrafélagsins og varð mögulegur með tilkomu segulbandstækninnar. Nú eru því 70 ár liðin frá því fyrstu hljóðbækurnar á íslensku litu dagsins ljós. Þetta er skemmtileg staðreynd, þótt almenn hlustun á hljóðbækur sé tiltölulega nýtilkomin.

## Tækniframfarir og aðgengi

Nýtt app var tekið í notkun á vormánuðum og var það mikið fagnaðarefni, þótt tæknin hafi ekki alltaf verið með okkur í liði við innleiðinguna. Forritið er með bættu viðmóti og styður nú innskráningu með rafrænum skilríkjum, sem lengi hefur verið beðið eftir. Samhliða þessu var lögð mikil vinna í að uppfæra bakvinnsluferfi og tryggja gagnaöryggi.

Í heimi örra tæknibreytinga er þó mikilvægt að hafa hugfast að engir hópar verði út undan. Það er stöðug áskorun að finna rétt jafnvægi í þjónustuleiðum svo tæknin nýtist öllum, óháð stafrænni færni.

# Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið

Hljóðbókasafn Íslands gegnir lykilhlutverki í að tryggja jafnt aðgengi að bókmenntum, námsbókum og öðru útgefnu efni á Íslandi. Með starfsemi sinni stuðlar safnið að auknu læsi og menningarlegri þátttöku þeirra sem ekki geta nýtt sér prentað mál með góðu móti. Safnið er ekki opið öllum og þurfa lánþegar að skila inn vottorði frá sérfræðingi um lestrarhömlun.

Safnið var stofnað árið 1982, undir heitinu Blindrabókasafn Íslands, og heyrir í dag undir menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið. Starfsemin hvílir á traustum lagagrundi en í lögum og reglugerð frá árinu 2013 eru meginverkefningin og hlutverkið skilgreind. Safnið starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012 og höfundalögum nr. 73/1972 þar sem 19. greinin er hornsteinn starfseminnar. Sú grein var endurskoðuð og endurbætt árin 2021 og 2023 þegar þau mikilvægu tímamót urðu að Marrakess-sáttmálinn öðlaðist gildi hér á landi. Sáttmálinn auðveldar verulega aðgengi blindra, sjónskertra og annarra prentleturshamlaðra einstaklinga að höfundarréttarvörðu efni þvert á landamæri.

## Þjónusta og réttindi

Starfsemi safnsins snýst um réttindi fyrir fatlað fólk og aðra sem ekki geta lesið prentað mál. Sem viðurkennd eining í skilningi höfundalaga er safninu heimilt að framleiða og miðla efni á aðgengilegu formi til þeirra sem glíma við lestrarhömlun.

Lögbundið hlutverk er að veita bókasafnsþjónustu fyrir þann hóp sem ekki getur lesið prentað mál samkvæmt skilgreiningu ákvæða 19. greinar í höfundalögum. Þetta er gert með því að framleiða efni á aðgengilegu formi og miðla til þeirra sem á þurfa að halda.


„Ég vil þakka ykkur fyrir hvað þið eruð dugleg að hafa bækur fyrir okkur sem ekki getum lesið okkur til gagns, þetta hefur opnað nýjan heim fyrir mér.“

## Samfélagslegt hlutverk

Markmið og stefna safnsins er fyrst og síðast að opna aðgang að hvers konar prentuðum texta fyrir fólk sem ekki getur lesið prentað mál og efla þannig og bæta þjónustu við lestrarhamlaða einstaklinga. Sérstök áhersla er lögð á að þjónusta blinda og sjónskerta og gera nemendum sem glíma við lestrarerfiðleika kleift að nálgast aðgengilegt námsefni.

Hljóðbókasafn Íslands stuðlar með starfsemi sinni að auknu læsi og bættu aðgengi að bókmenntum, námsbókum og öðrum útgefnum textum. Þannig miðar starfsemin að því að uppfylla fyrir hönd íslenska ríkisins ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og jafnt aðgengi. Safnið gegnir því bæði mikilvægu félagslegu og menningarlegu hlutverki.

## Skipurit



# Innra starf

Safnið nær ekki að sinna öllu útgefnu efni á Íslandi og fer því í raun fjarri. Ár hvert eru um 350–400 bækur gerðar aðgengilegar fyrir lánþega og er áhersla lögð á fjölbreytt úrval bóka fyrir börn og fullorðna, auk námsefnis fyrir framhaldsskóla. Leitast er við að gera stóran hluta íslenskra bóka aðgengilegan, en alltaf má þó gera betur. Vegna takmarkaðs fjármagns hefur safnið til að mynda ekki bolmagn til að sinna íslenskum tímaritum eða öðru fjölbreyttu prentuðu efni.

Öll starfsemin snýst um þjónustu. Innra starf miðar að því að þróa leiðir til úrbóta og mæta, eftir fremsta megni, ólíkum þörfum lánþega. Kannanir hafa sýnt að mikilvægast er að tryggja að nýjar bækur komi sem fyrst inn á safnið og að hægt sé að óska eftir að tiltekin verk verði gerð aðgengileg.

Rafrænar miðlunarleiðir eru stór þáttur í þjónustunni og mikilvægt að þær virki án vandkvæða. Í kaflanum um umbætur á kerfum er nánar farið yfir þann þátt, en á árinu var meðal annars tekið í notkun nýtt og endurbætt smáforrit eða app til miðlunar á hljóðbókum safnsins.

Hljóðbókasafn Íslands hefur eina starfsstöð, í Kópavogi, þaðan sem það þjónar öllu landinu. Á árinu var húsnæði safnsins að Digranesvegi selt og er það því ekki lengur í eigu Ríkiseigna. Leiga hækkaði í kjölfarið og var því ákveðið að gera eins árs leigusamning til að byrja með, með möguleika á að óska eftir framlengingu. Núgildandi leigusamningur rennur út 1. desember 2026.

Á safninu eru tvær deildir; útlána- og upplýsingadeild með tvo starfsmenn og framleiðslu- og tæknideild með fjóra starfsmenn.

Alls eru starfsmenn sjö að forstöðumanni meðtöldum.

Að auki starfar fjölbreyttur hópur lesara á safninu í verktöku.

# Helstu verkefni útlána- og upplýsingadeildar

Útlána- og upplýsingadeild aðstoðar lánþega í öllum samskiptum þeirra við safnið, auk þess sem starfsfólk tekur virkan þátt í að þróa nýjar leiðir til bættrar þjónustu. Þjónustan er félagsleg í eðli sínu og byggir á persónulegri nálgun sem miðar að því að rjúfa einangrun og efla lífsgæði fólks með prentleturshömlun. Deildin annast almenna upplýsingagjöf í síma og með tölvupósti, veitir tæknilega aðstoð og heldur utan um óskir lánþega um að tilteknar bækur verði gerðar aðgengilegar.

## Umsóknarferli og ráðgjöf

Þjónustan er sérhæft úrræði fyrir þá sem ekki geta nýtt sér hefðbundin bókasöfn vegna fötlunar eða lestrarerfiðleika. Útlána- og upplýsingadeild hefur umsjón með umsóknum, fer yfir innsend vottorð frá læknum og sérfræðingum og leggur mat á gildi þeirra og þjónustubörf. Lögð er áhersla á að tryggja að þeir sem eiga rétt á þjónustunni skili tilhlýðilegum gögnum og finni sig velkomna á safnið. Í þeim tilfellum þar sem umsækjendur falla utan þjónustusviðs safnsins leiðbeinir deildin þeim um aðrar leiðir til að nálgast hljóðbækur, svo sem í gegnum Storytel eða Rafbókasafnið.

## Tækniþróun og hefðbundnar miðlunarleiðir

Um 7% útlána eru í formi geisladiska en þeim hefur fækkað mikið síðustu ár. Frá árinu 2018 hefur geisladiskanotkun dregist saman um 50%, sem er í samræmi við almenna tækniþróun. Liður í þessari þróun er að aðstoða elstu notendurna við að nýta streymisþjónustu safnsins í stað þess að fá senda diska heim.

Þó tækniþróun sé ör þarf að finna jafnvægi á milli þess að innleiða nýjungar og verja þann hóp sem enn þarfnast eldri miðlunarleiða. Hljóðbókasafnið þjónustar þannig áfram persónulega og af nærfærni þá lánþega sem kjósa geisladiska eða nýta vefvarpstæki Blindrafélagsins.

**Hlustun á hljóðbækur eykur lífsgæði og rýfur félagslega einangrun. Þeir hópar sem nýttu safnið mest árið 2025 voru, líkt og fyrri ár, blindir og sjónskertir einstaklingar ásamt elstu lánþegunum.**

# Helstu verkefni framleiðslu- og tæknideildar

Framleiðslu- og tæknideild ber ábyrgð á tæknilegum rekstri og framleiðslu á aðgengilegu efni fyrir lánþega. Þetta felur meðal annars í sér að tryggja að viðeigandi tækni til rekstrar og framleiðslu sé til staðar, virki vel og fylgi þeim stöðlum og kröfum sem eiga við.

Til að tryggja þetta tekur deildin virkan þátt í alþjóðasamstarfi, ekki síst til að fylgjast með þróun mála á sínu sviði og til að einfalda, nútímavæða og ná fram hagræðingu í tæknilegum rekstri með notkun og aðlögun á samræmdum lausnum systurstofnana okkar. Einnig sér deildin að hluta um samstarf Hljóðbókasafnsins á innlendum vettvangi, meðal annars sem hluti af Máltækniáætlun stjórnvalda og með samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Samskipti við þjónustuaðila tölvukerfa eru einnig á ábyrgð deildarinnar.

Deildin hefur til umræða fjögur hljóðver sem skipta sköpum fyrir fjölbreytni í framboði og aðgengi bóka. Safnið kaupir einnig hljóðbækur af útgefendum og gerir þær þannig úr garði að þær henti jafnt blindum, sjónskertum og öðrum lánþegum. Að velja inn bækur til að gera aðgengilegar, vera í samskiptum við lesara, undirbúa bækur og ganga frá þeim eftir innlestur er mikilvægur þáttur starfseminnar, auk þess að yfirfara og bæta gæði á eldri upptökum.

Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að gera fleiri hljóðbækur með texta og þá sérstaklega námsbækur, sú breyting skiptir verulegu máli fyrir lesblinda og hefur mælst vel fyrir. Safnið leggur sérstaka áherslu á gerð námsbóka fyrir framhaldsskólastig og er því í góðum tengslum við skóla og námsráðgjafa.

Notkun talgervla hjá safninu hefur aukist enda hafa orðið miklar framfarir í gerð íslenskra talgervla, þótt enn sé langt í land og meta þurfi í hvert skipti hvort þeir eigi við. Vinna við íslenska talgervla hefur verið mikilvægur þáttur í þróunarvinnu safnsins, meðal annars sem hluti af Máltækniáætlun og alþjóðlegu samstarfi, og mun sú vinna halda áfram um fyrisjáanlega framtíð.



Meðal velunnara Hljóðbókasafns Íslands í hópi rithöfunda er leik- og skáldkonan Sólveig Pálsdóttir. Hún er hér að lesa bók sína Ísbirnir sem kom út fyrir jólin 2025.

**Að velja inn bækur til að gera aðgengilegar, vera í samskiptum við lesara, undirbúa bækur og ganga frá þeim eftir innlestur er mikilvægur þáttur starfseminnar, auk þess að yfirfara og bæta gæði á eldri upptökum.**

## Umbætur á kerfum

Á vormánuðum tók Hljóðbókasafnið í notkun nýtt app sem er sérstök útgáfa af appi okkar danska systursafns. Innleiðingunni var fagnað enda gamla appið orðið úrelt og krafðist mikils viðhalds. Nýja appið er hannað frá grunni með gott aðgengi í huga og er kóði þess, hönnun og miðlunarkerfi mun nútíma-legra en þess gamla. Meðal nýjunga er mun betri leit og stuðningur við innskráningu með rafrænum skilríkjum, sem lengi hefur verið beðið eftir. Viðmótið er notendavænna og appið almennt liprara í notkun.

Einhverjir hnöktrar fylgdu innleiðingunni sem leystust ekki að fullu á árinu og var því nauðsynlegt að hafa eldra appið (LYT3) áfram aðgengilegt lánþegum. Um áramót hafði stærsti hluti lánþega þó fært sig yfir í nýja appið og hefur reynslan almennt verið mjög góð. Flestir lánþegar kjósa að hlusta á bækur í gegnum öpp safnsins en auk þess er hægt að hlusta í gegnum vefspilara, vefvarp eða með því að fá geisladiska.

Samhliða nýja appinu voru nýir bakendaþjónar teknir í notkun, sem hannaðir eru og forritaðir sem ein heild með appinu. Nýi bakendinn er mun öflugri og mun hann jafnt og þétt taka við allri miðlun safnsins. Þegar er hafin vinna við að tengja önnur miðlunarkerfi við hann, sem mun auka rekstraröryggi, verja kerfin betur gegn innbrotum og vonandi lækka kostnað við rekstur tölvukerfa.

Safnið er að stærstum hluta rafrænt og er mikil áhersla lögð á öryggi gagna og safnkosts. Á árinu var ráðist í breytingar á uppsetningu netþjóna safnsins til að einfalda þá og herða öryggi gegn innbrotum og óværum. Safnið hlaut styrk til þessa verkefnis frá Eyvöru (eyvor.is), samstarfsvettvangi um netöryggi á Íslandi, og sáu Opin kerfi um framkvæmdina.

**Nýja appið er hannað frá grunni með gott aðgengi í huga og er kóði þess, hönnun og miðlunarkerfi mun nútímalegra en þess gamla.**

## Tæknilegir samstarfsaðilar

Eðli tæknilegs rekstrar Hljóðbókasafnsins er um margt ólíkt því sem gerist hjá öðrum íslenskum stofnunum og á einna helst samleið með rekstri systurstofnana erlendis. Öflugt alþjóðlegt samstarf Hljóðbókasafnsins við systursöfn okkar á Norðurlöndum, Sviss og Holland, skiptir höfuðmáli og eðli málsins samkvæmt eru tæknilegir samstarfsaðilar margir.

Mikilvægasti samstarfsaðili safnsins er systursafnið í Danmörku, Nota, sem nýverið rann inn í Konunglega danska landsbókasafnið og heitir nú Nota Service. Þaðan koma öpp safnsins (fyrir Android og iOS), vefspilarinn sem nýttur er til hlustunar í tölvu, auk nýju bakendamiðlaranna sem tryggja að lánþegar fái sínar bækur vandræðalaust.

Innanlands leika Opín kerfi og APRÓ lykilhlutverk í að tryggja öruggan rekstur. Opín kerfi sjá um miðlara og netkerfi auk annarra verkefna, en APRÓ sér um hönnun og viðhald á umsýslukerfum bóka og lánþega. Einnig nýtir safnið þjónustu Umbru, sem er þjónustumiðstöð upplýsingatækni hjá ríkinu. Til að þjónusta áfram þá sem treysta á geisladiska hefur fyrirtækið Tæknihlíðin aðstoðað við að halda gangandi tölvum sem sjá um geisladiskabrennslu.

Síðast en ekki síst á safnið í nánu og öflugum þróunarsamstarfi við nýsköpunarfyrirtækið Grammatek, sem gerir raungreinabækur aðgengilegar fyrir námsmenn. Það verkefni er í stöðugri þróun.



Mynd tekin í lesaraboði safnsins vorið 2024. Í hópi lesara er hæfileikafólk af öllu tagi og starf þeirra er mikils metið.

# Stefnumótun og áherslur

Áfram var unnið í samræmi við stefnu safnsins (Stefna og framtíðarsýn Hljóðbókasafns Íslands 2022–2025) og aðgerðabundin markmið. Verkefnin eru unnin undir fjórum flokkum; þjónusta, tæknimál, lögbundið hlutverk og ímynd.

Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi Hljóðbókasafns Íslands eru:

- Að efla safnkost, bæði með framleiðslu efnis og með því að kaupa hljóðbækur af útgefendum, svo tryggja megi aðgengi lánþega að menningu og upplýsingum og þar með þátttöku í samfélaginu.
- Að veita persónulega og góða þjónustu og framleiða og laga efnisval að þörfum og óskum lánþega.
- Að nýta tæknilausnir svo aðgengi að safninu sé tryggt og tengingar traustar.
- Að auka og bæta samstarf við hagaðila.
- Góð nýting fjármuna.

Ávallt er stefnt að því að bæta við fjölbreyttu safnefni og þjóna ólíkum hópum með því að:

- Efla önnur tungumál en íslensku, bæði hvað varðar safnkost og aðgengi.
- Gera efni safnsins enn aðgengilegra, til að mæta auknum kröfum um aðgengileika – meðal annars með því að samstillja hljóð og texta.
- Nýta lausnir Máltækniáætlunar.


**Mikilvægasta einstaka verkefnið er að tryggja að safnið geti staðið við lögbundna þjónustu við lánþega.**

**Kjarninn í vinnu safnsins er að finna leiðir og lausnir til að veita framúrskarandi þjónustu með samvinnu og alúð að leiðarljósi. Er þetta í samræmi við gildi safnsins sem eru þjónusta, alúð og samvinna.**

# Fjármál

Hjá safninu starfa sjö starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum og var rekstur ársins að stærstum hluta í samræmi við áætlanir. Sú breyting varð þó á árinu að húsaleiga hækkaði töluvert og ráðist var í miklar umbætur á tölvukerfum, sem varð til þess að nokkur halli var á rekstrinum í árslok. Stærsti útgjaldaliðurinn árið 2025 var launakostnaður sem nam 42% af heildarútgjöldum, þar á eftir kom önnur aðkeypt þjónusta sem nam 33%. Sá liður nær meðal annars yfir verktakalaun til lesara, bótagreiðslur til rithöfunda og samninga við Rithöfundasamband Íslands og Myndstef.

Rekstur tölvukerfa og hýsing gagna nam 15% útgjalda og er það sá liður sem hefur vaxið mest undanfarin ár. Húsnæðiskostnaður var um 10%. Sértekjur af árgjöldum og styrkir vega svo upp á móti rekstrargjöldum en sértekjur ársins námu alls 13% af heildarútgjöldum.



„Sonur minn fékk aðgang að Hljóðbókasafninu og hefur það hjálpað honum einstaklega mikið með sína lesblindu og aukið áhuga hans á lestri.“

# Fyrirhuguð sameining safna

Eins og greint er frá framar í skýrslunni fór á árinu fram vinna við að kanna fýsileika þess að sameina þrjú söfn. Ef af sameiningu Hljóðbókasafnsins og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns verður er fyrirhugað að safnið flytji í Þjóðarbókhöðuna. Í viljayfirlýsingu ráðherra menningarmála, Loga Einarssonar, er þó jafnframt nefndur sá möguleiki að kanna hvort skynsamlegt sé að hluti starfseminnar fari fram í Húsi Blindrafélagsins í Hamrahlíð 17. Önnur atriði viljayfirlýsingarinnar, sem undirrituð var 2. september 2025, eru meðal annars:

- **Að ekki komi til þjónustuskerðingar:** Skýrt er kveðið á um að þjónusta skuli ekki skerðast heldur aukin með fjölbreyttari safnkosti og nálægð við háskólasamfélagið.
- **Mannréttindi sem grunnur:** Staðfestur er vilji til að standa vörð um réttindi fatlaðs fólks með vísan til laga og alþjóðlegra samninga.
- **Húsnæði og aðgengi:** Gerð verður sérstök þarfagreining á húsnæði Landsbókasafnsins (Þjóðarbókhöðunni) til að tryggja gott aðgengi.
- **Sérsafn:** Að Hljóðbókasafnið verði sérsafn innan stærri stofnunar til að tryggja sérstöðu þess.

Viljayfirlýsinguna er að finna á vef safnsins en upphaf hennar hljóðar svo:

„Undirbúningur að sameiningu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Hljóðbókasafns Íslands er nú hafinn með formlegum hætti. Af því tilefni lýsir menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra yfir vilja til þess að standa vörð um þá mikilvægu þjónustu sem Hljóðbókasafnið veitir með vísan til lögbundinnar þjónustu safnsins og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“

# Gervigreind og máltækni

Gervigreind er orðin stór hluti af samfélaginu og mun fyrirsjáanlega hafa umtalsverð áhrif á rafræna þjónustu Hljóðbókasafnsins. Starfsfólk safnsins fylgist grannt með og tekur þátt í þróuninni, bæði í gegnum alþjóðlega samstarfsvettvanginn IT Forum og innanlands með þátttöku í Máltækniáætlun stjórnvalda og samstarfi við Grammatek í framleiðslu aðgengilegra raungreinabóka. Safnið er virkur þátttakandi í Máltækniáætluninni, sem snýst að stærstum hluta um nýtingu gervigreindar til að tryggja stöðu íslenskunnar í stafrænum heimi. Markmið safnsins með þessari vinnu er ávallt að nýta tæknina til að bæta, auka og flýta fyrir við framleiðslu á aðgengilegu efni.

## Þróun talgervla og hraðari framleiðsla

Unnið var náið með máltækniyfirtækinu Grammatek að hönnun, smíði og innleiðingu á betri íslenskum talgervlum. Sú vinna skilaði sér í nýjum hugbúnaði og framleiðsluferlum í lok ársins sem gera safninu kleift að hraða útgáfu á námsbókum sem þurfa að vera gerðar aðgengilegar með texta. Afurðir þessarar vinnu byrjuðu að skila sér til lánþega í upphafi árs 2025 og héldu áfram að streyma inn á safnið út árið. Þrátt fyrir þessar mikilvægu framfarir eru enn nokkrir agnúar á upplestri talgervla og nokkuð í að tæknin geti leyst mannlega lesara alfarið af hólmi.

## MathCAT og aðgengi að raungreinum

Í samstarfi við Grammatek og norrænar systurstofnanir var unnið að MathCAT-verkefniinu svokallaða. Verkefnið miðar að því að gera raungreinabækur (STEM) aðgengilegar með íslenskum talgervli, en flóknar jöfnur og formúlur hafa lengi reynst slíkum búnaði erfiðar og eru einnig mjög þungar og dýrar í framleiðslu með mannlegum lestri. Hljóðbókasafnið hlaut styrk til verkefnisins á fyrra ári úr Skerfi, sjóði á vegum Almennaróms sem ætlaður er til hagnýtingar og innleiðingar íslenskrar máltækni og heyrir undir Máltækniáætlun 2. Á árinu var sótt um framhaldsstyrk úr sama sjóði og barst jákvætt svar við þeirri umsókn í lok ársins sem tryggir áframhaldandi þróun í framleiðslu slíkra bóka á árinu 2026.



Alfreð Halldórsson og Marín Guðrún Hrafnisdóttir frá Hljóðbókasafni Íslands ásamt öðrum styrkhöfum sem hlutu styrki úr Skerfi, sjóði Máltækniáætlunar.

# Samstarf

Samstarf við margvíslegar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök er Hljóðbókasafni Íslands bæði nauðsynlegt og kært. Hér ber helst að nefna samstarf við Blindrafélagið, menntastofnanir landsins, Rithöfundasamband Íslands, Myndhöfundafélag Íslands, Félag íslenskra útgefenda og hin ýmsu hagsmunasamtök sem berjast fyrir réttindum þeirra sem eiga erfitt með lestur, svo sem Félag lesblindra á Íslandi og ADHD samtökin. Auk þess er safnið í öflugu alþjóðasamstarfi við systursöfn og skyldar stofnanir.

## Þjónustan við okkar fólk

Blindrafélagið er mikilvægur bakhjarl og samstarfsaðili Hljóðbókasafnsins. Þjónusta safnsins við blinda og sjónskerta er í forgrunni og reynt er eftir bestu getu að verða við óskum um bókaitla sem blindir lánþegar þurfa.

Margir í hópi blindra og sjónskertra nota vefvarpstæki og er hægt að hlusta á hljóðbækur safnsins í því. Tækið er þægilegt í notkun og er í raun talandi fjölmiðlun. Bækur safnsins hafa verið fáanlegar í gegnum þessa miðlunarleið í 12 ár. Þá er samstarf á milli safnsins og félagsins í kringum bókaklúbb Blindrafélagsins og hefur verið um árabíl. Blindrafélagið hélt þann 15. október félagsfundu um fyrirhugaða sameiningu Hljóðbókasafns Íslands, Kvikmyndasafns Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Formaður félagsins, Sigþór U. Hallfreðsson, fór í inngangi sínum yfir mikilvægi þjónustunnar sem Hljóðbókasafnið veitir blindum og sjónskertum og hvatti stjórnvöld til að standa vörð um Hljóðbókasafn Íslands.

## Skólar og hljóðbækur

Á árinu 2025 vann ráðgjafar fyrirtækið ARCUR að gerð skýrslu fyrir mennta- og barnamálaráðherra og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra um aðgengi nemenda, að 18 ára aldri, að efni á hljóðbókarformi, bæði námsefni og yndislestrarefni. Kannað var hvort unnt væri að auka aðgengi allra nemenda að hljóðbókum og var úttektin samstarfsverkefni ráðuneytanna tveggja. Skýrslan heitir [Aðgengi nemenda að hljóðbókum á Íslandi](#).



Lea Karen Friðbjörnsdóttir, nemandi í 10. bekk í Áslandsskóla í Hafnarfirði, kom í starfskynningu. Hún er blind og hefur alla tíð notað þjónustu Hljóðbókasafns Íslands. Hér er hún ásamt starfsmönnum safnsins, Huldu Pétursdóttur, Hafþóri Ragnarssyni, Alfreð Halldórssyni og Ingunni H. Gunnarsdóttur.

Meðal helstu niðurstaðna skýrslunnar er að dregið hafi úr útgáfu frumsaminnna íslenskra kennslubóka, að stuðningur hins opinbera við bókaútgáfu á Íslandi hafi skilað árangri og tryggt neytendum lægra verð og að höfundaréttarmál, óaðgengileg tækni og skortur á leiðbeiningum séu hamlandi þættir þegar kemur að því að gera hljóðbækur aðgengilegar.

Lög um Hljóðbókasafn Íslands eru skýr og er safninu einungis ætlað að veita þeim aðgang sem glíma við prentleturshömlun. Safnið getur því að takmörkuðu leyti tekið þátt í að auka aðgengi nemenda almennt að hljóðbókaefni.

## Rithöfundasambandið og Myndstef

Hljóðbókasafn Íslands og Rithöfundasamband Íslands (RSÍ) vinna eftir samningi frá árinu 2022 um bótagreiðslur til rithöfunda vegna ritverka sem safnið gerir aðgengileg fyrir lánþega sína. Jafnframt kveður samningurinn á um að RSÍ muni, eins og áður, annast umsjón og úthlutun bóta til allra rithöfunda og þýðenda og er aðild þeirra að sambandinu ekki nauðsynleg.

Á árinu 2025 greiddi safnið 12.472.324 krónur í bótagreiðslur til rithöfunda og 3.186.165 krónur í umsýslugjald til RSÍ sem sér um að koma bótagreiðslum til rithöfunda.

Árið 2025 var fimmta árið þar sem útlán Hljóðbókasafnsins voru talin með þegar kemur að úthlutun til rithöfunda og þýðenda úr Bókasafnssjóði rithöfunda.

## Samráðshópur

Samráðshópur safnsins kom saman fjórum sinnum á árinu en núverandi hópur var skipaður af ráðherra menningarmála, Lilju D. Alfreðsdóttur, árið 2022 og er Rósa María Hjörvar formaður. Samráðshópnum er ætlað að vera forstöðumanni til ráðgjafar um stefnu og önnur málefni sem varða starfsemi safnsins.

Aðalmenn í samráðshópi Hljóðbókasafns Íslands voru á árinu 2025 Andrea Dan Árnadóttir, tilnefnd af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, Heiða Ingólfssdóttir, tilnefnd af Félagi sérkennara á Íslandi, Rósa María Hjörvar, tilnefnd af Blindrafélaginu, Snævar Ívarsson, tilnefndur af Félagi lesblindra á Íslandi, og Elfa Svanhildur Hermannsdóttir, tilnefnd af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Þær breytingar urðu á árinu að Andrea og Heiða hættu í samráðshópnum og í stað Heiðu tók sæti Sædis Ósk Harðardóttir. Í febrúar 2026 tilnefndi Upplýsing síðan Lísu Zachrison Valdimarsdóttur í hópinn.

## Millisafnalán og bókaveitan ABC

Alþjóðlega bókaveitan ABC (The Accessible Books Consortium) geymir efni á yfir 80 tungumálum fyrir fólk með prentleturshömlun og er ætlað að einfalda stofnunum sem þjónusta þann hóp að skiptast á bókum innbyrðis, lánþegum sínum til heilla. Í framhaldi af fullgildingu Marrakess-sáttmálans á Íslandi opnaðist Hljóðbókasafninu kærkominn aðgangur að þessari sameiginlegu bókaveitu.

Stærstu flokkarnir eru enska, franska og spænska en einnig má finna þúsundir bóka á þýsku, Norðurlandamálunum og pólsku. Staðla þurfti bókfræðiupplýsingar safnkosts Hljóðbókasafnsins til að fá aðgang því þeir sem nýta ABC verða einnig að veita aðgang að eigin efni. Að auki lána Norðurlöndin bækur sín á milli samkvæmt sérstöku samkomulagi og hefur safnið notið verulega góðs af því samstarfi.

## Norrænt samstarf

Hljóðbókasafnið nýtur góðs af virku samstarfi við sambærileg söfn á Norðurlöndum, í Sviss og Hollandi. Samstarfssöfnin hafa í sameiningu lýst því yfir að allir eigi rétt á aðgangi að upplýsingum og óheftum tækifærum til samskipta til að geta lifað sjálfstæðu lífi og tekið fullan þátt í samfélaginu. Yfirlýsingin endurspeglar sameiginleg grunngildi safnanna og kjarnann í starfsemi þeirra, sem er að þróa lausnir fyrir lesendur með lestrarhömlun.

Umbótaverkefni og þróun kalla á virka þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Söfnin á Norðurlöndum, ásamt söfnum í Sviss og Hollandi, skiptast reglulega á upplýsingum um stöðu mála og framþróun, bæði hvað varðar tækni og rekstrarumhverfi. Þau vinna saman að fjölbreyttum verkefnum, meðal annars á sviði lagamála, tæknimála, samskipta við útgefendur, þjónustu við lánþega og gerðar aðgengilegra bóka.

Samstarf af þessum toga er afar mikilvægt fyrir lítið safn á borð við Hljóðbókasafnið og hefur skilað árangri á fjölmörgum sviðum í formi bættrar þjónustu og aukins hagræðis. Þá tryggir samstarfið jafnframt aðgang að þeirri vinnu sem fram fer á alþjóðavettvangi við að efla aðgengi fyrir alla. Það er safninu ómetanlegt.

Hljóðbókasafnið tekur þátt í nokkrum samstarfsverkefnum með norrænu söfnunum og hljóðbókasöfnum í Sviss og Hollandi. Þar er meðal annars fjallað um lagabreytingar og þróun, tæknimál, notendajónustu og útgáfu án aðgreiningar.

Forstöðumenn systurstofnana hittast að jafnaði tvisvar á ári. Að þessu sinni voru haldnir fundir í Noregi og Finnlandi, auk þess sem nokkrir fjarfundir fóru fram.

Ísland var gestgjafi sameiginlegs fundar tveggja hópa, annars vegar UX-hópsins, sem fjallar um notendaviðmót, og hins vegar tæknihópsins IT Forum. Sérfræðingar frá systurstofnunum í Noregi (Tibi), Hollandi (Dedicon), Svíþjóð (MTM), Sviss (SBS), Danmörku (Nota) og Finnlandi (Celia) komu saman á vel heppnuðum fundi til að ræða aðgengi og þjónustu við fólk með prentleturshömlun.

Á fundinum var fjallað um áhrif afritunarvarna og rannsóknir á því hvernig fólk með lesblindu, ADHD og einhverfu upplifir talgervla. Einnig var rætt um leiðir til að bæta þjónustu við fötluð börn og hvernig nýta mætti einföld forrit og smáspilara í stað geisladiska fyrir viðkvæma hópa. Loks var farið yfir stefnu um notkun gervigreindar til að auka hagkvæmni í framleiðslu, ásamt nýjum innkaupaferlum fyrir EPUB-útgáfur og stöðu námsefnis í raungreinum.



Sérfræðingar í notendaviðmóti og tæknimálum frá systursöfnum á Norðurlöndum, í Sviss og Hollandi mættu til fundar á Íslandi í apríl.

# Safnkostur

Safnið býr yfir góðum safnkosti sem telur í heild tæplega 13.000 titla. Framleiðsla bóka gekk ágætlega árið 2025 og alls bættust 422 titlar við safnið á árinu. Þar af voru 295 bækur lesnar inn og 50 hljóðrit keypt af útgefendum. Millisafnalán voru 31. Hlutfall keyptrra hljóðbóka af útgefendum nam 16% á árinu.

Safnið á í góðu samstarfi við útgefendur. Þó komu færri hljóðbækur út hjá þeim en vænst hafði verið og útgáfa þeirra dróst jafnframt oft á langinn. Á Norðurlöndum er algengt að vinsælar bækur komi út sem hljóðbækur á sama tíma og prentaðar útgáfur þeirra, en þróunin hér á landi hefur ekki að fullu fylgt þeirri þróun.

Viðvarandi verkefni hjá safninu er að lagfæra eldri bækur sem standast ekki nútímakröfur um hljóðgæði og eru í sumum tilvikum jafnframt tæknilega gallaðar. Á næstu árum verður því áfram lögð áhersla á að lagfæra og grisja eldra efni. Breytingar á bakenda og kerfum urðu því miður til þess að sumar eldri bækur virkuðu ekki sem skyldi og skapaðist því þörf á lagfæringum. Jafnframt var tækifærið nýtt til að bæta hljóðgæði þeirra og gera aðrar nauðsynlegar úrbætur.

## Kynningarstarf

